

## FUM, stjórnarfundur

### Fundargerð

3. febrúar 2016 (kl. 11:00-12:00)

*Mættir:* Amalía Björnsdóttir formaður FUM, Börkur Hansen, Elsa Eiríksdóttir, Guðný Helga Gunnarsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir. Þorlákur Axel Jónsson var veikur.

1. *Fundargerð.* Fundargerð síðasta fundar samþykkt samhljóða.
2. *Staða tímaritsins.* Formaður greindi frá því að enn væri ekki búið að ganga endanlega frá uppgjöri TUM við Háskólaútgáfuna en vonandi væri hægt að ljúka því á næstu vikum, það væru enn nokkrir lausir endar hjá útgáfunni. Þá greindi formaður frá því að Guðmundur Heiðar Frímansson og Erlingur Jóhannsson hefðu samþykkt að vera fulltrúar FUM í ritnefnd hins sameinaða tímarits.
3. *Undirbúningur aðalfundar.* Samkvæmt lögum FUM á að halda aðalfund eigi síðar en 15. mars. Var ákveðið að halda næsta aðalfund FUM 14. mars í fundarherberingu E-205 en þar er fjarfundabúnaður aðgengilegur og stefnt er að bjóða upp á tengingu við Háskólann á Akureyri. Ákveðið var að leggja til við aðalfund að hafa árgjald það sama og áður, kr. 2500. Þá var formanni var falið að leita að kandidötum til að gefa kost á sér í stjórn en Börkur, Guðný Helga og Hafdís gefa ekki kost á sér áfram. Amalía, Elsa og Þorlákur gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.
4. *Ráðstefnan í vor.* Formaður greindi frá því að hópur skoskra fræðimanna í menntavísindum hefði áhuga á samstarfi um menntarannsóknir og væru þeir tilbúnir að koma á fund eða ráðstefnu til Íslands í því sambandi. Í því samhengi urðu talsverðar umræður um fyrirkomulag ráðstefnunnar. Varð að ráði að breyta fyrri áherslu og stefna að hefðbundnara skipulagi sem byggðist á meginfyrirlestur, samhliða málstofum, og hringborðsumræðum. Ákveðið var að ræða skipulagið frekar á næsta fundi og stefna að því að halda ráðstefnuna 12.-13. maí, t.d. frá hádegi fyrri daginn og að morgni fram yfir hádegi þann seinni. Talsverðar umræður urðu um þema ráðstefnunnar. Fundarmenn voru samála um að efnið ætti að beinast að því fyrir hverja menntarannsóknir væru gerðar, siðferðilegum álitamálum og kynningu á umfangsmiklum rannsóknarverkefnum.
5. *Önnur mál.* A) Formaður tók að sér að fara yfir heimasíðu FUM og færa til betri vegar það sem með þarf. B) Ákveðið að halda næsta fund fljótlega.

Börkur Hansen